





# Í túninu HEIMA

BÆJARHÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR 25.-27. ÁGÚST




## MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST

**20:00 - 22:00 UNGLINGADANSLEIKUR Í HLÉGARÐI**
Upphitun fyrir bæjarhátíðina. Unglingaball fyrir 8.-10. bekkinga.
Fram koma: Rapparinn GKR og DJ. Aðgangseyrir: 800 kr.

## FIMMTUDAGUR 24. ÁGÚST

**BÆJARBÚAR SKREYTA HÚS OG GÖTUR Í HVERFISLITUM**
**GULUR** - Hlíðar, Höfðar, Tún og Mýrar
**RAUÐUR** - Tangar, Holt og Miðbær
**BLEIKUR** - Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og Mosfellsdalur
**BLÁR** - Reykja- og Helgafellshverfi

**19:00 FELLAHRINGURINN – FJALLAHJÓLAKEPPNI**
Hjólakeppni um stíga innan Mosfellsbæjar. Keppnin hefst við Íþróttahúsið að Varmá. Tvær vegalengdir, 16 km og 30 km. Sjá nánar á netskraning.is/fellahringurinn.

**18:00 - 20:00 SUNDLAUGARKVÖLD Í LÁGAFELLSLAUG**
Fjölskyldan skemmtir sér saman. Leikhópurinn Lotta kíkir í heimsókn með sína vinsælu söngvasyrpu. Blöðrulistamenn sýna listir sínar og gera skemmtileg blöðrudýr. Wipe-Out brautin verður á sínum stað, frír ís í boði. Frítt inn fyrir alla fjölskylduna.

**20:15 BÍLAKLÚBBURINN KRÚSER Í HÁHOLTI**
Bílaklúbburinn Krúser safnast saman við Kjarnagrill í Háholti. Keyrður verður rúntur um Mosfellsbæ og svo stilla allir sér upp á planinu. Tilvalið að kíkja á flottar drossíur og klassíska bíla frá liðinni tíð. Fjöldi glæsivagna verður á svæðinu ef veður leyfir.

**21:00 STEBBI OG EYFI Í HLÉGARÐI**
Frábær kvöldstund með þessum einstöku listamönnum.
Gamanmál og gleðisöngvar úr ýmsum áttum. Miðasala á www.midi.is.

## FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST

**10:00 OG 11:00 BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR**
Leikhópurinn Lotta: Söngvasyrpa fyrir öll 5 ára börn í Mosó.
Dagskrá í samstarfi við leikskólana.

**10:00-11:00 AFMÆLISGJÖF TIL GRUNNSKÓLABARNA**
Friðrik Dór mætir í grunnskólana og tekur nokkur lög.
Allir krakkar fá buff í hverfalitunum í afmælisgjöf frá Mosfellsbæ.

**13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL**
Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 600 kr.

**15:00 ARION BANKI**
Krakkar frá Leikfélagi Mosfellssveitar syngja nokkur lög.
Andlitsmálun fyrir börnin og Bíbí, Blaki og Ari verða á svæðinu.

**18:00 - 19:00 KYNNINGARTÍMI Í GOLFI Á HLÍÐAVELLI**
Opinn kynningartími fyrir nýja kylfinga í Mosfellsbæ. Komið og kynnist golfíþróttinni og lærið helstu tökin. Victor Viktorsson golfkennari verður á æfingasvæðinu við gamla skálann á Hlíðavelli. Gott er að koma með kylfur, en einhverjar kylfur verða á staðnum fyrir þá sem það vilja. Frítt er í tímann og fríir golfboltar til að slá.

**19:00 – 23:00 VINNUSTOFUR OPNAR Á ÁLAFOSSVEGI**
Vinnustofur ljósmyndaranna Bjarkar Guðbrandsdóttur og Guðbjargar Magnúsdóttur og myndlistarkonunnar Ólafar Oddgeirsdóttur verða opnar á neðri hæð Álafossvegar 20.

**19:30-22:30 KAFFIHÚS MOSVERJA**
Skátafélagið Mosverjar opnar kaffihús í Skálanum í Álafosskvos.
Boðið upp á heitar vöfflur, kaffi og kakó.

**19:30 - 22:30 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS**
Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi.

**20:00 BMX BROS Á MIÐBÆJARTORGINU**
Snillingarnir í BMX bros hita upp á Miðbæjartorginu áður en skrúðgöngurnar leggja af stað. Þeir munu sýna listir sínar með glæsilegri sýningu og bjóða upp á kennslu fyrir þá sem það vilja.

**20:30 ÍBÚAR SAFNAST SAMAN Á MIÐBÆJARTORGI**
**GULIR**, **RAUÐIR**, **BLEIKIR** og **BLÁIR** - Allir hvattir til að mæta í lopapeysu.

**20:45 SKRÚÐGÖNGUR LEGGJA AF STAÐ Í ÁLAFOSSKVOS**
Hestamannafélagið Hörður leiðir gönguna með vöskum fákum.
Göngustjórar frá Leikfélagi Mosfellssveitar ræsa einn lit af stað í einu.

**21:00 - 22:30 ULLARPARTÝ Í ÁLAFOSSKVOS**
Brekkusöngur og skemmtidagskrá.
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skrúðgöngu.
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri setur hátíðina.
Gummi og Felix taka lagið
Hilmar og Gústi stýra brekkusöng.
Björgunarsveitin Kyndill kveikir í blysum.
Rauðakrosshópurinn sinnir gæslu ásamt Björgunarsveitinni Kyndli.

**22:00 - 23:30 UPPISTAND Á HVÍTA RIDDARANUM**
Uppistand.is heldur sitt mánaðarlega uppistand með úrvals grínistum. Frítt inn.

**23:30 - 03:00 – PAPAR Í HLÉGARÐI**
Hinir ómótstæðilegu Papar slá upp dansleik í tilefni bæjarhátíðarinnar. Tryllt stemning í Hlégarði, höfuðvígi Papanna á höfuðborgarsvæðinu. Miðasala er hafin á tix.is.

## LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST

**• FRÍTT Í LEIÐ 15 Í STRÆTÓ ALLAN DAGINN • FRÍTT Í VARMÁRLAUG OG LÁGAFELLSLAUG Í DAG • FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**

**7:00 - 22:00 BAKKAKOTSVÖLLUR – FRÍTT Í GOLF**
Golfklúbbur Mosfellsbæjar býður Mosfellingum að spila frítt á Bakkakotsvelli í Mosfellsdal. Bóka þarf rástíma á golf.is eða í afgreiðslu GM og er nauðsynlegt að viðkomandi hafi þekkingu og getu til að leika á vellinum og fari eftir öllum þeim reglum sem þar gilda.

**8:00 - 18:00 MOSFELLSBAKARÍ**
Mosfellsbakarí í hátíðarskapi alla helgina og býður gestum og gangandi upp á ilmandi ferskt brauð, bakkelsi og frábæra stemningu.
Litríkar hverfamúffur, hátíðarkaka og frábærar hátíðarvöfflur.

**9:00 - 12:00 BEIN ÚTSENDING Á RÁS 2**
Útvarpsmaðurinn Sólmundur Hólm verður í beinni útsendingu frá bæjarhátíðinni á Rás 2.

**9:00 - 17:00 FRÍTT Á GLJÚFRASTEIN**
Gljúfrasteinn - hús skáldsins opnar dyrnar að safninu í Mosfellsdal. Gljúfrasteinn var heimili og vinnustaður Halldórs Laxness og fjölskyldu hans um hálfrar aldar skeið. Nýlega opnaði safnið á nýjan leik eftir miklar framkvæmdir. Frítt verður inn á safnið og munu starfsmenn glaðir skeggræða við gesti um nýafstaðnar framkvæmdir og hvaðeina sem snertir Gljúfrastein.

**9:00 - 17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM**
Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

**9:00 - 16:00 TINDAHLAUP MOSFELLSBÆJAR**
Náttúruhlaup sem hefst við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Ræst kl. 9:00 og kl. 11:00. Fjórar vegalengdir í boði, 7 tindar (37 km), 5 tindar (35 km), 3 tindar (19 km) og 1 tindur (12 km). www.mos.is/tindahlaup og www.hlaup.is.

**9:30 KETTLEBELLS ICELAND – ENGJAVEGUR 12**
Opin Ketilbjölluæfing fyrir hrausta Mosfellinga. Gengið með ketilbjöllur upp á Reykjafell þar sem æfing verður tekin á toppnum. Lagt af stað frá Engjavegi.

**11:00 WORLD CLASS - MOSFELLSBÆ**
Opinn tími í World Class fyrir alla Mosfellinga.
Skemmtileg blanda af þol- og styrktaræfingum ásamt góðum teygjum.
Kennarar eru Þorbjörg og Árni. Tökum á því í hverfalitunum!

**10:00 - 16:00 MOSSKÓGAR Í MOSFELLSDAL**
Útimarkaður: Sultukeppni, grænmeti frá Mosskógum, silungur frá Heiðarbæ, rósir frá Dalsgarði o.fl. Úrslit í sultukeppni kl. 15:00. Skila þarf inn sultum í keppnina fyrir kl. 12.

**13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL**
Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 600 kr.

**12:00 - 17:00 ÍS-BAND FRUMSÝNIR JEEP COMPASS**
Íslensk-Bandaríska frumsýnir nýjasta Jeep fjölskyldumeðliminn Jeep Compass í Þverholti 6. Stórglæsilegur og öflugur jeppi sem vert er að kíkja nánar á. Boðið verður upp á reynsluakstur á öllum Jeep jeppum. Kaffibarþjónar frá Lavazza galdra fram ítalskt eðalkaffi og gos og sælgæti verður í boði fyrir krakkana.

**12:00 - 17:00 WINGS AND WHEELS - TUNGUBAKKAFLUGVÖLLUR**
Fornvélasýning: Gamlar flugvélar, dráttarvélar úr Mosfellsbæ, mótorhjól, fornbílar og flugsýning. Heitt á könnunni fyrir gesti og karamellukast fyrir káta krakka.

**12:00 HÓPAKSTUR UM MOSFELLSBÆ**
Ferguson-félagið stendur fyrir hópakstri dráttarvéla og fornbíla.
Lagt er af stað frá Tungubakkaflugvelli og keyrður hringur um Mosfellsbæ.

**12:00-17:00 KAFFIHÚS MOSVERJA**
Skátafélagið Mosverjar opnar kaffihús í Skálanum í Álafosskvos.
Boðið upp á heitar vöfflur, kaffi og kakó.

**12:00 - 17:00 ÚTIMARKAÐUR Í ÁLAFOSSKVOS**
Markaðstjöld full af fjölbreyttum varningi og ýmsar uppákomur á sviði.
12:00 Blaðrarinn mætir á svæðið með blöðrudýr fyrir börnin
12:30 Skósveinar (Minions) á vappi um svæðið
13:00 Krakkar úr Krikaskóla syngja
13:30 Kammerkór Mosfellsbæjar
14:00 Brassbandið Búbbert
14:30 Mosfellskórinn
15:00 Leikgleði flytur lög úr „Besta sýning ársins".
15:30 Hljómsveit Ready (úr Tónlistardeild Listaskólans)
16:00 Hljómsveitin Piparkorn (úr Tónlistardeild Listaskólans)

**13:00 – 17:00 VINNUSTOFUR OPNAR Á ÁLAFOSSVEGI**
Vinnustofur ljósmyndaranna Bjarkar Guðbrandsdóttur og Guðbjargar Magnúsdóttur og myndlistarkonunnar Ólafar Oddgeirsdóttur verða opnar á neðri hæð Álafossvegar 20.

**13:00-15:00 EIRHAMRAR – FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA**
Mosfellingar, FaMos-félagar og aðrir gestir velkomnir í heimsókn í þjónustumiðstöðina á Eirhömrum.
Fjölbreytt vetrardagskrá kynnt.
Kaffi á könnunni og Vorboðarnir taka lagið um kl. 13:00.

**13:00-13:30 BARNADAGSKRÁ Á TÚNINU VIÐ HLÉGARÐ**
Bíbí og Björgvin syngja töfrandi lög ævintýranna. Björgvin Franz mætir ásamt hinni heimsfrægu óperusöngkonu Bíbí Markan. Dans, söngur og grín fyrir alla fjölskylduna. Aðgangur frír.

**13:00 - 16:00 SKOTTMARKAÐUR VIÐ KJARNA**
Mosfellingum gefst kostur á að koma með alls kyns gull og gersemar úr skápum og bílskúrum og bjóða gestum og gangandi til sölu. Einnig er handverksfólk velkomið. Nánari upplýsingar um viðburð á Facebook. Skráning hjá Elísabetu í síma 898 4412.

**14:00 ÁLAFOSS – STÁLÚLFUR AÐ VARMÁ**
Knattspyrnuliðið Álafoss mætir Stálúlfi á gervigrasinu að Varmá. Leikurinn er partur af Íslandsmótinu í 4. deild.

**14:00 - 24:00 TÍVOLÍ VIÐ MIÐBÆJARTORG**

**14:00 - 17:00 LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR**
Sýning Rögnu Fróða í Listasal. Listamaðurinn verður á staðnum, spjallar við gesti og gangandi um sýninguna og fremur gjörning kl. 15.00.

**14:00 - 16:00 KJÚKLINGAFESTIVAL - KJÚKLINGARÉTTIR FYRIR ALLA**
Stærstu kjúklinga- og matvælaframleiðendur landsins kynna afurðir sínar og gefa smakk við íþróttamiðstöðina að Varmá. Matur og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Ýmis skemmtiatriði, Biggi Haralds, harmonikkuleikur, Mas Wrestling, uppistand og fleira.

**14:00 - 16:00 ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN AÐ VARMÁ - AFTURELDING KYNNIR VETRARSTARFIÐ**
Kynning á vetrarstarfi Aftureldingar.
Fulltrúar deilda verða á svæðinu og kynna starfsemi sína. Aftureldingarbúðin verður opin.

**14:00 - 17:00 VÖFFLUKAFFI Í FMOS**
Nemendafélag Framhaldsskólans í Mosfellsbæ verður með vöfflukaffi í skólanum og rennur ágóðinn til Reykjadals þar sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur sumar- og helgardvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Kammerkór Mosfellsbæjar syngur kl. 15:30.

**14:00 - 17:00 STEKKJARFLÖT – HOPPUKASTALAR**
Frítt fyrir káta krakka.

**15:00 - 16:00 STEKKJARFLÖT – HESTAFJÖR**
Teymt undir börnum í boði Hestamannafélagsins Harðar.

### Mosfellingar bjóða heim

LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST

**11:00**
**GALLERÍ HVIRFILL Í MOSFELLSDAL**
Bjarki Bjarnason les úr væntanlegri ævisögu Guðrúnar Tómasdóttur söngkonu.

**13:30**
**AMSTURDAM 6 VIÐ REYKJALUND**
Kvennakórinn Stöllurnar og María Guðmundsdóttir bjóða til árlegrar garðveislu.

**14:00**
**NJARÐARHOLT 10**
Létt og lifandi tónlist í garðinum í Njarðarholti 10. Allir velkomnir á garðtónleika Í túninu heima.

**15:00**
**AKURHOLT 21**
Siggi Hansa og fjölskylda bjóða upp á tónleika í garðinum í Akurholti. Hljómsveit hússins leikur og fær til sín góða gesti.

**16:00**
**ÁLMHOLT 10**
Davíð Ólafsson óperusöngvari býður til útitónleika. Meðal gesta verða Einar Dagur, Hallveig Rúnarsdóttir, Fjölnir Ólafsson og Óperukór Reykjavíkur undir stjórn Garðars Cortes. Davíð og Stefán taka svo fjöldasöng ásamt Helga Hannessyni píanóleikara.

**16:00**
**DALATANGI 15**
Ari Brimar býður til tónleika með Kallabandinu. Bandið skipa: Brynjar Þór Jakobsson gítar, Hjörleifur Ingason hljómborð, Ari Brimar bassi/söngur og Brynjólfur Pétursson trommur. Framreidd verða lög eftir CCR, Santana og fleiri.

**16:00**
**HAMARSTEIGUR 9**
Hjónin Sigríður Stephensen og Pálmar S. Ólafsson bjóða til tónleika við heimili sitt að Hamarsteigi 9. Þar mun 18 manna „Big-band" stórsveit Öðlinga spila ásamt söngkonunni Hjördísi Geirsdóttur.

**16:30**
**SKÁLAHLÍÐ**
Útitónleikar í garðinum heima. Tríóið Kókos skemmtir í brekkunni fyrir neðan Skálahlíð. Dægurlög sem allir þekkja.

**15:00 - 18:00 OPIÐ HÚS Á REYKJAVEGI 84**
Opið hús á leirvinnustofu Helgu Jóhannesdóttur, Reykjavegi 84.
Kaffi á könnunni og snapsakynning frá Eimverk Distillery, í stuðlabergsstaupum. Allir hjartanlega velkomnir.

**16:00 VARMÁRVÖLLUR – AFTURELDING - MAGNI**
Knattspyrnulið Aftureldingar tekur á móti Magna frá Grenivík. Leikur í Íslandsmótinu í knattpyrnu – 2. deild karla. Baráttuleikur í efri hluta deildarinnar.

**16:30 KARMELLUKAST Á FLUGVELLINUM TUNGUBÖKKUM**

**17:00 - 21:00 GÖTUGRILL Í MOSFELLSBÆ**
Íbúar í Mosfellsbæ halda götugrill í vel skreyttum götum bæjarins

**21:00 - 23:00 STÓRTÓNLEIKAR Á MIÐBÆJARTORGI**
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem Mosfellsbær býður öllum upp á tónleika á Miðbæjartorginu.
Kynnar verða þeir Steindi Jr. og Dóri DNA.
Fram koma: Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, Jógvan Hansen, Diddú, Stefanía Svavars, Stormsveitin, Stefán Hilmars, Páll Óskar, Biggi Haralds, Áttan og Stuðlabandið.
Rauðakrosshópurinn sinnir gæslu ásamt björgunarsveitinni Kyndli.

**23:00 BJÖRGUNARSVEITIN KYNDILL MEÐ FLUGELDASÝNINGU**

**22:30 – 01:00 EINAR ÁGÚST Á HVÍTA RIDDARANUM**
Hinn eini sanni Einar Ágúst mætir með gítarinn og syngur fyrir hressa sveitunga. Frítt inn.

**23:30 - 04:00 STÓRDANSLEIKUR MEÐ PÁLI ÓSKARI AÐ VARMÁ**

## SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST

**7:00 - 22:00 HLÍÐAVÖLLUR – FRÍTT Í GOLF**
Golfklúbbur Mosfellsbæjar býður Mosfellingum að spila frítt á Hlíðavelli. Bóka þarf rástíma á golf.is eða í afgreiðslu GM og er nauðsynlegt að viðkomandi hafi þekkingu og getu til að leika á vellinum og fari eftir öllum þeim reglum sem þar gilda.

**8:00 - 17:00 MOSFELLSBAKARÍ**
Mosfellsbakarí í hátíðarskapi alla helgina og býður gestum og gangandi upp á ilmandi ferskt brauð, bakkelsi og frábæra stemningu. Litríkar hverfamúffur, hátíðarkaka og frábærar hátíðarvöfflur.

**9:00 - 17:00 ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ Á TUNGUBÖKKUM**
Fótboltamót Aftureldingar og Weetos, 6. og 7. flokkur karla og kvenna.

**13:00 - 17:00 HÚSDÝRAGARÐURINN Á HRAÐASTÖÐUM Í MOSFELLSDAL**
Geitur, refur, kettlingar, grís, kálfur, hænur, kanínur, naggrísir og mörg önnur húsdýr. Aðgangur 600 kr.

**11:00 GUÐSÞJÓNUSTA Í MOSFELLSKIRKJU**
Fögnum og höldum hátíð. Guðsþjónusta í dal skáldanna, Mosfellskirkju í Mosfellsdal kl.11:00. Sr. Arndís Bernhardsdóttir Linn þjónar fyrir altari og prédikar. Karl Tómasson, Jóhann Helgason og Guðmundur Jónsson annast tónlistarflutning ásamt Kjartani Ognibene organista og kirkjukór Lágafellskirkju. Hjartanlega velkomin!

**14:00 - 17:00 STEKKJARFLÖT - HOPPUKASTALAR**
Frítt fyrir káta krakka.

**14:00 HLÉGARÐUR - HÁTÍÐARDAGSKRÁ**
Umhverfisnefnd veitir umhverfisviðurkenningar Mosfellsbæjar 2017.
Útnefning bæjarlistarmanns Mosfellsbæjar 2017.
Verðlaunaafhending vegna ljósmyndasamkeppni í tilefni 30 ára afmælis Mosfellsbæjar.
Karlakórinn Stefnir flytur nokkur lög.
Heitt á könnunni og allir velkomnir.

**16:00 GLJÚFRASTEINN - STOFUTÓNLEIKAR**
Tónlistarkonan Sóley flytur lög af nýjustu plötu sinni, Endless Summer, í bland við gömul lög. Meðleikarar hennar verða Albert Finnbogason á bassa og Katrín Helga Andrésdóttir á hljómborð. Aðgangseyrir: 2.000 kr.

**17:00 BESTA SÝNING ÁRSINS Í BÆJARLEIKHÚSINU**
Afrakstur fjögurra vikna námskeiðs hjá Leikgleði í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. Söngleikur sem var saminn af leikhópnum í samstarfi við Elísabetu Skagfjörð. Miðaverð 1.000 kr. Miðapantanir í síma 5667788.

MOSFELLSBÆR 30 1987-2017
ÍSFUGL
VGH Mosfellsbæ VERKTAKI SÍÐAN 1968 ÞAÐ SEM TIL ÞARF
Íslandsbanki
MOSFELLSBAKARÍ
World Class ICELAND